

Formleg fyrirspurn Garðabæjarlistans til bæjarstjóra.

Hvernig hefur starfsfólki leik- og grunnskóla verið umbunað til þessa fyrir það ómælda vinnuframlag sem unnið hefur verið af hendi í hverjum einasta skóla sveitarfélagsins?

Svar

Almennt hafa forstöðumenn stofnana Garðabæjar frelsi til að umbuna starfsmönnum sínum innan þeirra marka sem rammi fjárhagsáætlunar setur og að gætt sé að því að ekki leiði til skerðingar á þjónustu viðkomandi stofnunar eða brjóti gegn jafnræði gagnvart öðrum starfsmönnum.

Einstaka stofnanir hafa fyrir jól gefið starfsmönnum sínum litlar jólagjafir sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf og þá hefur það líka tíðkast að gefa starfsmönnum aukafrídag um jól og áramót þar sem því verður viðkomið.

Við aðstæður á tímum Covid-19 hefur mikið álag verið á starfsmönnum Garðabæjar sem margir hverjir hafa verið í framlínustörfum og þurft að takast á við sífelldar breytingar og takmarkanir sem hafa haft áhrif á starfsemina.

Til að sýna starfsmönnum þakklæti fyrir dugnað, úthald, hjálpsemi og umhyggju í starfi á undanförnum vikum og mánuðum hefur verið ákveðið að afhenda öllum starfsmönnum bæjarins gjafabréf að fjárhæð kr. 15.000. Mikilvægt er á þessum tímum að starfsmenn finni fyrir því að þeir eru bæjarfélaginu mikils virði og að framlag hvers og eins skiptir máli við að halda úti góðri þjónustu.

Á undanförnum árum hafa stofnanir bæjarins fengið fjárveitingu á aðventunni úr miðlægum sjóði til að halda jólagleði starfsmanna. Svo var einnig gert í ár en forstöðumenn hvattir til að finna aðrar leiðir að gleðja starfsmenn þar sem ekki var hægt að koma saman og halda jólagleði með sama hætti og áður.